

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

*Breyting á deiliskipulagi Tjarnar- og Hlíðardalar úr landi Reykjadal.*

Í breytingunni felst m.a. að vegur um Tjarnardal verður framlengdur og fer norður fyrir lóð nr. 9 og tengist þannig núverandi botnlanga við Hlíðardal. Vegur um Hlíðardal verður stytur þannig að hann mun eingöngu ná að lóðinni Hlíðardalur 5. Í tengslum við breytingar á vegum breytast heiti og númer lóðanna og minniháttar breytingar verða á stærðum nokkurra lóða og byggingarreita.

Samþykkt í sveitarstjórn 11. ágúst 2011.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 8. nóvember 2011.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**